



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNAEILD



Berist til: Fjölmiðlar, almannavarnir.is, stjórnarsýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 09.03.2020

Kl.: 17:30

Staðsetning: Samhæfingarstöð/Embætti landlæknis/Sóttvarnalæknir,

Neyðarstig vegna COVID-19

Framvinda

Unnið er hörðum höndum að því að miðla upplýsingum og ráðleggingum til almennings, stofnana og fyrirtækja. Allar leiðbeiningar er að finna á heimasíðu [Embættis landlæknis](#) og [Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild](#). Nýjustu leiðbeiningar og ráðleggingar er einnig að finna neðar í þessari skýrslu, undir liðnum Upplýsingamiðlun. Mikilvægt er að fylgja leiðbeiningum um sóttkví, sérstaklega vegna einstaklinga sem eru með áhættuþætti fyrir alvarlegri sýkingu vegna COVID-19. Jafnframt er hvatt er til þess að huga að einstaklingum í samfélaginu sem skilur litla íslensku og á því erfiðara með að fylgjast með stöðu mála. Vinnuveitendur, samstarfsfólk sem og aðrir sem eru í daglegum samskiptum við þessa einstaklinga getur að halda þeim upplýstum um framvindu mála.

Greinst hafa tvö ný smit í dag og má rekja þau bæði til skíðasvæðanna í Ölpunum. Fjöldi smitaðra er því 60 talsins, þar af 10 innanlandssmit. Áhersla er lögð á að greina snemma og að einstaklingar fari í sóttkví sem fyrst þegar við á og í einangrun þegar um smit er að ræða. Alls hafa um 560 sýni verið tekin í heild, þar af 59 í dag.

Skíðasvæðin í Ölpunum eru nú öll skilgreind sem svæði með smitáhættu. Því er beint til fólks að ferðast ekki til þessara svæða að nauðsynjalaus. Allir þeir sem hafa fasta búsetu á Íslandi og koma frá þessum svæðum, þó þeir fljúgi frá flugvöllum sem ekki eru á skilgreindu áhættusvæði, þurfa að fara í 14 daga sóttkví. Skilgreind svæði með smitáhættu er að finna á vef landlæknis Skilgreind svæði með smitáhættu

Samkomubann er ekki í gildi. Samkvæmt verklagi viðbragðsáætlunar er unnið að undirbúningi samkomubanns ef til þess skyldi koma. Mikilvægt er að beita því þegar þörfin myndast og nýta hana þar sem hún nýtist best hverju sinni. Mat á virkjun samkomubanns byggist á vísindalegum forsendum þar sem tekið er tillit til fjöldamargra þátta, samfélagslegra og efnahagslegra. Einnig er horft til erlendra stofnana og annarra þjóða í þessu samhengi.

Í mati á árangri aðgerða í kjölfar fyrsta smits innanlands er hugað að ákveðnum forsenda. Þær eru fjöldi nýrra smita, hvert rekja má smit innanlands, og það sem er mikilvægast, hversu margir viðkvæmir einstaklingar veikjast á Íslandi. Helsta markmiðið er að koma í veg fyrir smit hjá einstaklingum sem eru í áhættuhópi fyrir alvarlegri sýkingu.

Borgarþjónustan hefur verið í daglegu samstarfi við borgarþjónustu á Norðurlöndum. Mikilvægt er að fólk erlendis skrái sig í gagnagrunn Borgarþjónustunnar og fylgist reglulega með upplýsingum frá Sóttvarnalækni. Einnig er brýnt að fólk fylgi leiðbeiningum á þeim stað sem það er að ferðast.

Upplýsingafundur

Á upplýsingafundinum í dag fóru Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn, Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir, og Alma D. Möller, landlæknir, yfir stöðu mála með tilliti til COVID-19. Jafnframt ræddi María Mjöll Jónsdóttir, deildarstjóri upplýsingadeildar utanríkisráðuneytisins, um stöðu þeirra Íslendinga sem eru staddir erlendis á skilgreindum hættusvæðum eða í sóttkví. Einnig var tilkynnt að skíðasvæði í Ölpunum eru nú á meðal skilgreindra áhættusvæða vegna veirunnar sem veldur COVID-19.

Staða mála

Ísland - staðan í dag

Uppruna smita á Íslandi er bæði að finna innanlands og erlendis (á skíðasvæðum í Ölpunum og Asíu). Uppruni smita dreifist eftirfarandi:

Uppruni smita	Fjöldi
Innanlands	10
Erlendis	50
Samtals	60

Fjöldi einstaklinga í úrræði:

Úrræði	Fjöldi
Einangrun	61
Sóttkví	495
Samtals	556

Smitranssóknateymi almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og sóttvarnalæknis hefur haft samband við einstaklinga í sóttkví. Þeir hafa notið liðsinnis heilbrigðisstarfsmanna frá Landspítala.

Fólk í sóttkví samkvæmt landsvæðum:

Sóttkví	Fjöldi
Höfuðborgarsvæði	438
Suðurnes	11
Vesturland/Vestfirðir	8
Norðurland	18
Austurland	2
Suðurland	18
Samtals	495

Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá um 111.397 einstaklingum og um 3.892 einstaklingar hafa látist (3,4%). Samkvæmt [John Hopkins](#) hafa 62.392 einstaklegar náð sér eftir veikindin. ECDC hefur breytt áhættumati sínu yfir í að faraldurinn geti orðið meðalstór eða mikil lýðheilsuógn. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu](#) (ECDC) varðandi þróun mála í hverju landi fyrir sig. [Sjá áhættumat ECDC.](#)

Danir hafa hækkað aðvörunarstig vegna ferða til Frakklands, Þýskalands, Spánar og Austurríkis úr grænu í gult, sem þýðir sýnið mikla aðgætni. Eins hafa þeir hvatt til þess að samkomum með fleiri en 1.000 þátttakendum verði frestað út mars. Fjölmargar alþjóðastofnanir hafa sent tilkynningu um frestun á stórum fundum, boðað til fjarfundir eða sett á fjöldatakmarkanir.

Upplýsingamiðlun

Framundan:

- Næsti upplýsingafundur fyrir fjölmiðla er áætlaður á þriðudaginn 10. mars kl. 14:00.
- Næsti stöðufundur í Samhæfingarstöð almanna varður þriðjudaginn 10. mars kl. 9:00.

Margvíslegar leiðbeiningar á vef landlæknis, þar á meðal

- [Proskahjálp. Kórónaveiran á auðlesnu máli.](#) 09.03.2020
- Áhættuhópar [Leiðbeiningar fyrir áhættuhópa \(07.03.2020\)](#)
- [Spurningar og svör varðandi kórónaveiru, COVID-19 \(07.03.2020\)](#)
[Questions and answers regarding novel coronavirus \(COVID-19\)](#)
- [Upplýsingar fyrir börn og ungmenni](#)
- [Basic information about the Coronavirus for children and teenagers](#)

Einangrun-leiðbeiningar

[Leiðbeiningar fyrir almenning varðandi einangrun í heimahúsi \(27.02.2020\)](#)
[Instructions for persons under isolation related to COVID-19 \(28.02.2020\)](#)

Sóttkví leiðbeiningar

[Leiðbeiningar fyrir almenning varðandi sóttkví í heimahúsi \(02.03.2020\)](#)
[Instructions for persons under quarantine related to COVID-19 \(28.02.2020\)](#)

Áætlanir

[Viðbragðsáætlun heimsfaraldur \(06.03.2020\)](#)

Atvinnulífið

[Gátlisti - órofinn rekstur fyrirtækja \(06.03.2020\)](#)
[Ráðleggingar til ferðamanna /Information for travellers](#)
[Leiðbeiningar til ferðamanna ef grunur vaknar um COVID-19 sýkingu \(27.02.2020\)](#)

[Guidance document for frontline service staff \(13.02.2020\)](#)

[Zakażenie nowym koronawirusem COVID-19. Wytyczne dla personelu pracującego bezpośrednio z klientami \(polska/polish\)](#)

[Documento guía para personal de servicios de primera línea. Novel coronavirus/COVID-19 \(spænska/spanish\)](#)

Bréf til margvíslegra markhópa með leiðbeiningum v/sýkingavarnir

Þar á meðal:

- Bréf til hjúkrunarheimila, dagvista, sjúklingafélaga og aðstandendafélaga
- Samtök atvinnulífsins. Leiðbeiningar
- Mikilvægar upplýsingar fyrir starfsmenn íþróttamannvirkja
- Mikilvægar upplýsingar fyrir starfsmenn sveitarfélaga varðandi COVID-19
- Stjórnaráðið – ráðuneytisstjórar
- Mötuneyti grunn- og leikskóla
- Fræðslufirvöld sveitarfélaga, Samband ísl. sveitarfélaga, Stjórnarráðið, Samtök atvinnulífsins
- [Snertilausar lausnir í viðskiptum](#). Bréf sent til Samtaka verslunar og þjónustu, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka fjármálafyrirtækja og Samtaka atvinnurekenda.
- [Upplýsingar fyrir mötuneyti leik- og grunnskóla \(06.03.2020\)](#)